# Námsáætlun fyrir samfélags- og náttúrugreinar - 2. bekkur
# skólaárið 2024-2025

**Kennarar:** Harpa Rún Gunnarsdóttir og Þórunn Sandra Sveinsdóttir
**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Reynsluheimur,** umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann | • Beri kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.<br>• Ræði um samfélagið og valin hugtök í því samhengi.<br>• Átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.<br>• Geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.<br>• Bendi á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.<br>• Segi deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.<br>• Varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu. | • Umræður.<br>• Hópavinna og einstaklingsvinna.<br>• Vettvangsferðir. | |
| **Hugarheimur,** Sjálfsmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum | • Segi frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.<br>• Geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. | • Umræður.<br>• Einstaklingsvinna. | |
| **Félagsheimur,** Samskipti: Hæfni | • Taki þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. | • Umræður. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra | • Átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.<br>• Sýni tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br>• Átti sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.<br>• Sýni tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. | | |
| **Námsgögn:**<br>Komdu og skoðaðu land og þjóð<br>Halló heimur 1 + vinnubók<br>Aðgát í umferðinni<br>Annað efni<br>Umhverfið okkar | | | |
| **Lokanámsmat:**<br>Nemendur fá munnlega endurgjöf frá kennara. | | | |